



Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. Borgarspítalans í Reykjavík, óskar eftir tilboðum í akstur fyrir Arnarholt á Kjalarnesi.

Miðað er við tvær ferðir á dag. Áætluð heildarvegalengd á dag er 125 km.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík.

Tilboðin verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 19. janúar 1994, kl. 11.00. f.h.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 - Sími 25800



Útboð


Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. byggingadeildar borgarverkfræðings, óskar eftir tilboðum í endurmálun á íbúðum aldraðra.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, gegn kr. 5.000,- skilaftryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 25. janúar 1994, kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 - Sími 25800

Við sameinum hraða, gæði og FRÁBÆRT VERÐ!



FILMA FYLGIR FRAMKÖLLUN

FRAMKÖLLUN - LITLJÓSRITUN



MIBÆJARMYNDIR

Lækjargötu 2 - s. 611530

Menning


DV

Stríð og ástir

Undir ofangreindri fyrirsögn voru tónleikar haldnir í Fossvogskirkju á laugardag. Hópur söngvara og hljóðfæraleikara undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar flutti þar madrigala eftir Claudio Monteverdi. Þau sem söngu voru Erna Guðmundsdóttir, sópran, Hlín Pétursdóttir, sópran, Þórunn Guðmundsdóttir, sópran, Rannveig Sif Sigurðardóttir, messósópran, Sigurður Halldórsson, kontratenór, Guðlaugur Viktorsson, tenór, Einar Clausen, tenór, Michael Jón Clarke, baríton, Eggert Pálsson, baríton og Ragnar Davíðsson, bassi. Hljóðfæraleikarar voru Svava Bernharðsdóttir, fiöla, Lilja Hjaltadóttir, fiöla, Herdís Jónsdóttir, víola, Sara Buckley, víola, Ásdís Arnardóttir, selló, Richard Simm, semball, Stefan Klar, theorba og Snorri Örn Snorrason, theorba.

Sextánda öldin er meðal þeirra sem skiluðu hvað ríkustum arfi til tónlistarsögunnar. Háþróaðasta tónlistarform þess tíma var Madrigalinn, fjölrödduð sungin verk oftast við veraldlega texta. Ítalinn Monteverdi er meðal merkustu höfundar slíkra verka. Madrigalar hans eru enn fremur athyglisverðir fyrir þá sök að í þeim birtist með skýrum hætti sú mikilsverða breyting sem var á tónamáli um aldamótin 1600, þegar dúr og moll kerfið tók við. Mátti heyrja þetta í verkum sem sem flutt voru í Fossvogskirkju. Í eldri madrigölunum má að visu heyrja hljómaformúlur dúr og moll kerfisins en vinnubrögðin bera mjög keim af hinni fornu fjölröddunarhefð. Í síðari verkunum er vefurinn greinilega hljómrænni. Þá er áherslan á textann orðin mun meiri. Má segja að textinn og framsetning hans sé orðið nánast aðalatriðið og tónlistin lúti þörfum textans. Hin fræga ária Ariónnu yrði lítils virði ef textinn væri ekki hafður í huga allan tímann og sama má segja um madrigalann um Tancreða og Clorindu. Þessi verk bera mjög keim af svonefndri mónodíu sem var fyrirrennari sönglessins. Liggur nærri að í eyrum nútímamanns hljómi þau sem fjölbreytt og listilega gert söngles. Af þeim sökum verður skilningur hlustandans á textanum mjög mikilvægur. Þýðing í efniskrá gerir sitt gagn en full áhrif nást ekki nema með því að syngja hina íslensku þýðingu.

Þessi verk Monteverdis eru frábærlega fjölbreytt og gerð af miklum næmleika. Hljóðfæranotkunin er einnig skemmtilega litrík. Tónlistin gerir mikla kröfur til



Gunnsteinn Ólafsson.

Tónlist

Finnur Torfi Stefánsson

söngvaranna. Ýmiss konar flúr og skraut, sem þarna er mikið af, útheimtir mikla færni. Þá þarf mikla nákvæmni í samsönginn til að hann nái markmiði sínu. Þetta er í raun mikil sækkeratónlist og þarf að leggja eyrum grannt við til að njóta alls þess sem hún hefur til að bera.

Flutningurinn var ekki alls staðar gallalaus. Hreinleiki og nákvæmni mátti vera meiri á stöku stað. Að sama skapi var margt líka fallega gert og í heild voru þetta vel heppnaðir tónleikar og merkilegir því að tónlist Monteverdis heyrir allt of sjaldan hérlendis. Af söngvurunum áttu þau Rannveig Sif og Michael Jón einna stærst framlag og komust mjög vel frá því.

Launsögn um píslargöngu

– Magnús Kjartansson á Kjarvalsstöðum

Á síðustu árum hefur gætt afturhvarfs meðal listamanna til þess „gullaldartíma“ er inntak og form, guðfræði og fagurfræði, voru óaðskiljanleg hugtök í myndlistinni. Afturhvarfs til þess tíma er upplýsingastefnan hafði enn ekki skorið upp herör gegn því viðhorfi að málverkið geymdi launsagnir og að því væri ætlað að túlka annan veruleika en hinn efniskennða.

Ólafur Gíslason ritar fróðlegan inngang í skrá er fylgir úr hlaði

sýningu Magnúsar Kjartanssonar á Kjarvalsstöðum er var opnuð á laugardag. Ólafur kemst að þeirri niðurstöðu að á endanum séu það sannleiksgildið og heildarmyndin sem skipti máli er við leggjum mat

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

á myndlist. Sannleiksgildið sé aldrei bundið rökrænni líkingu við veruleikann eða akademískri formhyggju heldur vitund listamannsins um sinn eigin veruleika.

Mannlegar þjáningar

Á þessari sýningu stokkar Magnús Kjartansson duglega upp í list sinni. Í stað þess að gera tilraunir með samþáttun ljósmyndar og málverks, naívisma, primitívisma og móðernisma hefur Magnús nú farið yfir núllpunkt forms og innihalds, ef svo má segja. Meginatriðið er ekki lengur það að beina athyglinni að blekkingu myndflatarins, að myndlistinni sem efnifræðilegri og formkennðri tækni, heldur að þeirri tilfinningu og frásögn sem listamaðurinn vill koma á framfæri. Sjálfur hefur Magnús líkt breyttum áherslum sínum við það að hann vinni nú meira út frá hjartanu en áður.

Mannlegar þjáningar eru vissulega hjartans mál og sýningin á Kjarvalsstöðum er tileinkuð píslargöngu Krists. Þarna má sjá kunnulega ímynd Krists með krossinn og einnig krossfestinguna framan við kunnugt hús Sambandsins á Kirkjusandi. Útkoman er ókunnuleg samsuða með súrrealískum martraðarblæ og vekur upp samlíkingu við flæmsku meistarana á

miðöldum, Bosch, Brueghel o.fl.


Á vissan hátt er Magnús þó fremur að feta í fótspor hins íslenska meistara Ásgríms Jónssonar sem málaði altariistöflu er sýndi fjallræðu Krists í íslenskum fjallahring.

Dirfska og tvíræðni

Myndir á sýningunni eru aðeins níu talsins og ein til viðbótar í skránni, en allar í yfirstærð – þær stærstu hátt í fjórir metrar á breidd. Magnús beitir aðferðum sem eru gamalkunnar í málverki en nýstárlegar frá hans hendi. Ríkuleg áferð, fengin með sagi og lími, kveikir líf með þessum olíumyndum sem flestar birta hendur er hylja andlit og yfirgefnar byggingar. Eins og til að minna á að myndirnar séu þrátt fyrir allt frá tuttugustu öldinni hefur listamaðurinn bætt texta inn í myndverkin að seinni tíma síð og aukreitiss einu símtóli sem er líkt og grátbrosleg paródía á firringu nútímans og aðskilnað inntaks og forms.

Textinn „Amor sacro e amor profano“ á miðju málverki af Dómkirkjunni og Alþingishúsinu vekur upp ámóta kennd um firringu og jafnframt tvíræðni. Í tvíræðninni felst einnig dirfska og dirfskuna hefur Magnús Kjartansson greinilega í ríku mæli miðað við það stóra hliðarstökk aftur og fram á við er hann tekur með þessari sýningu. Nokkur löstur er þó að því að lýsingin fletur út myndirnar og dregur úr þeim eiginlega dýpt. Betur hefði hæft að myrkva salinn og byggja á takmarkaðri og afmarkaðri lýsingu.

Sýningin er þrátt fyrir það heildstæð og ef til vill bitastæðasta framlagið um langan tíma til að endurvekja frásagnaranda hérlendrar myndlistar.



Líkamsrækt

Fitubrennsla

Prekstigar

Ljósabekkir

Sauna

Opið mánudaga til föstudaga
kl. 08–22, laugardaga kl. 11–16
og sunnudaga kl. 12–15.



Árman JÚDÓ GYM
Einholti 6, 125 Reykjavík. Sími 627295